

193 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 10 desember kl.10.00 á Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi

Mætt voru; Ragnar Sæmundsson, Einar Brandsson, Elín Ósk Gunnarsdóttir, Pétur Davíðsson, Guðveig Eyglóardóttir, Sigurður Guðmundsson, Ingibjörg Þ. Steinudóttir, Jakob B. Jakobsson, Júníana Óttarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen. Garðar Svansson sat fundinn í forföllum Jósefs Kjartanssonar. Auk þess sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundinn og ritaði fundargerð.

Ragnar Sæmundsson, formaður SSV, setti fund kl.10.00

Dagskrá

1. Fundargerð frá 192 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 192 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina

2. Haustþing SSV 2025

Framlagðar ályktanir frá haustþingi til kynningar. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að koma ályktunum á framfæri til þingmanna kjördæmisins, stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál og ráðuneyta.

3. Samgönguáætlun 2026-2024

Rætt um tillögu að Samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2026-2030. Umræða varð sérstaklega um aðgerðaráætlun fyrir árin 2026 til og með 2030. Stjórn SSV samþykkti eftirfarandi bókun um aðgerðaráætlun.

„Stjórn SSV fagnar því að fjárveitingar til viðhalds vega á Vesturlandi munu hækka verulega á næstu árum og samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni á Vestursvæði er fyrirhugað að hefjast handa við stór viðhaldsverkefni á Snæfellsnessvegi 54 og á Vestfjarðarvegi 60 í Mið-Dölum á næsta ári. Þá er einnig ánægjulegt að fyrirhugað er að hefja að nýju framkvæmdir við Skógarstrandarveg og verður varið rúmum 2 milljörðum til framkvæmda á tímabilinu. Hins vegar er staðan enn þá sú að Vesturland er að fá mun lægri fjárveitingar til nýframkvæmda við stofnvegi en aðrir landshlutar. Þá seinkar framkvæmdum við tvöföldun þjóðveggar 1 á milli Hvalafjarðar og Borgarness og eru ekki á dagskrá fyrr en eftir árið 2030 og óvissa er um hvenær ráðist verði í gerð nýrra Hvalfjarðargangna. Mikilvægt er að taka ákvörðun sem fyrst um veglínu þjóðveggar 1 um Hvalfjarðarsveit og legu nýrra Hvalfjarðargangna. Loks árétta stjórn mikilvægi þess að tvöföldun þjóðveggar 1 á Kjalarnesi standist áætlanir sem og lagning Sundabrautar,„

Einnig var rætt um stöðu almenningssamgangna á Vesturlandi og kynnti framkvæmdastjóri drög að bréfi þar sem Borgarbyggð, SSV og Menntaskóli Borgarfjarðar mótmæla fyrirhuguðum breytingum á leið 81, en þær munu fela í sér að akstur á leiðinni verður lagðar af vorið 2026. Stjórn tók undir mikilvægi þess að gera ætti athugasemdir við þessa breytingu.

4. Sóknaráætlun Vesturlands

Framlagt minnisblað um fjárveitingar til Sóknaráætlunar Vesturlands árið 2026. Í minnisblaðinu kom fram að fjárlaganefnd hefur gert tillögu til hækkunar á fjárveitingum til sóknaráætlana landshlutanna á fjárlögum. Stjórn SSV fagnar þessari tillögu og áréttar mikilvægi sóknaráætlana í byggðapróun.

5. Holtavörðuheiðarlína 1

Rætt um stöðuna á undirbúningi lagningar Holtavörðuheiðarlínu 1 og samskipti Landsnets við landeigendur. Stjórn fól framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með forstjóra Landsnets.

6. Tillaga að atvinnustefnu

Lögð fram drög að umsögn um tillögu að atvinnustefnu. Stjórn samþykkti tillöguna, en lagði til viðbætur um mikilvægi landbúnaðar sem atvinnugreinar.

7. Gott að eldast

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöðu SSV og HVE varðandi ráðningu í starf iðjupjálfa í tengslum við verkefnið Gott að eldast. Fram kom að búið er að bjóða Heiðu Haraldsdóttur iðjupjálfa starfið.

8. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi ráðningar í störf verkefnisstjóra fjármála og uppbyggingarsjóðs Vesturlands og verkefnisstjóra miðlunar og markaðsmála. Fram kom að 11 umsóknir bárust um starf verkefnisstjóra fjármála og uppbyggingarsjóðs og 27 umsóknir bárust um starf verkefnisstjóra miðlunar og markaðsmála. Stefnt er að því að ganga frá ráðningum í störfum fyrir áramótin.

9. Féttir af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga

Einar Brandsson stjórnarmaður hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fór yfir helstu verkefni á vettvangi Sambandsins. Í yfirferð sinni greindi Einar m.a. frá aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga að undirbúningi að uppbyggingu hátæknibrennslustöðvar, en nýverið var gerður samningur við umhverfis- orku og loftlagsráðuneytið um verkefnið. Þá kom Einar inn á kjaramál starfsmanna sveitarfélaga og sagði frá ráðstefnu ungmenna sem Sambandið stóð fyrir.

10. Framlögð mál

Formaður greindi frá því að fyrirhugað er að fyrsti fundur Farældarráðs Vesturlands verði haldinn snemma á nýju ári.

Fundi slitið kl.11.50